

## Fundargerð (44)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams fimmtudaginn 14. október 2021, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Eva Hjörtína  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson  
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Heiða Björk Vignisdóttir  
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir  
verkefnisstjóri. Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Fundargerð 43. fundar** samþykkt. Við yfirferð fundargerðarinnar var minnt á að á síðasta fundi var fulltrúa frá launagreiðendum og frá launafólki falið að rýna fyrstu skýrslu matshóps og koma með tillögur til breytinga á framsetningu teldist tilefni til.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar. Umræða var um frumkvæðisathuganir verkefnisstjórnar hjá stofnunum dómsmálaráðuneytis og kom fram hjá fulltrúum ríkisins að þær væru ákaflega gagnlegar m.a. til að stilla saman strengi. Rætt að í framhaldinu verði frumkvæðisathuganir hjá sveitarfélögum og SFV. Verkefnisstjórn hefur tekið upp þá nýbreytni að veita **Hrós** mánaðarins til þeirra sem staðið hafa áberandi vel að baki BVV og þeim faglegu áherslum og menningarbreytingum sem byggt er á. Fyrsta **Hrósið** fá Harpa Júlía og Eva Hjörtína hjá Fíh og Þórarinn hjá Sameyki úr hópi launafólks og Svanhildur mannauðsstjóri Landhelgisgæslunnar hjá launagreiðendum.
- 3. Innleiðingarhópar – staðan.** Í gögnum fundarins lágu fyrir skýrslur frá innleiðingarhópum ríkisins, Reykjavíkurborgar og Sambands ísl. sveitarfélaga. Þakkað var fyrir fróðlegar og upplýsandi skýrslur. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu skiluðu skýrslu stuttu fyrir fundinn þannig að ekki hafði gefist tími til að rýna hana. Skýrslan er á svæði stýrihópsins á Teams.
- 4. Frumkvæðisathuganir.** Bára Hildur fór yfir aðferðafræðina og ábendingar verkefnisstjórnar til stofnana dómsmálaráðuneytis. Málið rætt og samstaða um að nálgun verkefnisstjórnar sé uppbyggileg og gagnleg. Næstu frumkvæðisathuganir verða hjá sveitarfélögum í samráði við fulltrúa Sambandsins í stýrihópnum og hjá heilbrigðisráðuneyti í samráði við fulltrúa þess og fulltrúa ríkisins í stýrihópi.

- 5. Verklag – verkferlar – stjórnun.** Bára Hildur fór yfir minnisblað sem lá fyrir í gögnum fundarins um tilvik, sem verkefnisstjórn hefur haft til meðferðar vegna þess að framkvæmd er ekki í samræmi við leiðarljós og markmið BVV. Tengdi hún athugasemdir verkefnisstjórnar yfirlitinu um forsendur betri vinnutíma í vaktavinnu sem lagt var fram á síðasta fundi í þeim tilgangi að tryggja að allir séu með aðgang að samræmdum gagnabrunni og leiðbeiningum og túlkunum á fylgiskjali 2 (3). Málið rætt og samstaða um mikilvægi þess að allir sitji við sama borð og hættuna sem fylgir því að einstakar stofnanir eða vinnustaðir skeri sig úr með rangri framkvæmd eða túlkun.
- 6. Námskeið fyrir haghafa.** Rædd hugmynd frá launafólki um að boðið verði upp á „upprifjunarnámskeið“ fyrir þá sem aðild eiga að BVV. Tillaga verður lögð fyrir næsta fund til afgreiðslu.
- 7. Önnur mál**  
Helga kynnti að Fíh hafi þekkt boð um að eiga fulltrúa í matshópi.

Fundi slitið kl. 16.08. Næsti fundur fimmtudaginn 28. október kl. 14.30.  
Fundargerð er aðgengileg á Teams.